




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Holt

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans : Virðing-Umhyggja-Samvinna	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4 Innra mat – Hóll.....	6
5 Innra mat - Bakki	7
6 Innra mat – Sel.....	8
7 Innra mat – Stóra-Fell.....	9
8 Innra mat – Litla-Fell.....	11
9 Innra mat – Berg.....	14
10 Innra mat sérkenndu.....	16
11 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	19
12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
14 Foreldrasamvinna.....	23
15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
16 Fylgiskjöl	24
16.1 Umsögn foreldraráðs	24
16.2 Tímarammi 2024-2025.....	24
16.3 Leikskóladagatal 2024-2025.....	24
.....	28



Leiðarljós leikskólans : Virðing-Umhyggja-Samvinna

1 Greinargerð leikskólastjóra

Sama og síðasta vetur, þá einkenndist veturinn 2023-2024 af mikilli seiglu og dugnaði starfsmanna í Holti. Endalaust stolt af mínu fólki. Við erum ótrúlega úrræðagóð og lausnarmiðuð, starfsfólk í leikskólum!

Við náðum að láta flest ganga upp eins vel og hægt var miðað við aðstæður. Við spiluðum úr því sem við höfðum í höndunum hverju sinni. Þrátt fyrir þessar mjög svo krefjandi aðstæður þá náðum við að halda faglegu starfi gangandi að mestu leyti.

Málörvun var á öllum deildum, Lubbi og Blær komu inn eftir aðstæðum. Vinnan í Menntastefnunni heldur áfram og við höldum okkar striki með félagsfærni og læsi. Það passar mjög vel inn í alla okkar vinnu með málörvun alla daga og samstarfi við Fellaskóla og leikskólann Ösp. Einnig ætlum við efla þekkingu okkar í sjálfsefningu og virkni barna á næstu misserum.

Samstarfsverkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ með Fellaskóla og Ösp heldur áfram sem aldrei fyrr. Það sýnir sig alltaf meira og meira hvað þetta er frábært og mikilvægt verkefni. Brynja, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, hefur verið að koma reglulega inn á eldri deildar í Holti og Ösp og allir deildarstjórar fara reglulega í Fellaskóla til að funda með Brynju. Þetta er ómetanlegur stuðningur og hefur haldið öllum vel við efnið þennan erfiða vetur. Miðja máls og læsis hefur líka verið að koma inn í leikskólana og tekið orðaforðapróf á eldri börnunum. Ætlunin er að festa þetta í sessi svo við getum nýtt niðurstöðurnar betur í okkar vinnu með börnunum.

Frábær aðsókn var frá nemendum í Fellaskóla að koma til okkar í starfsnám og vorum við með 7 nemendur á tímabili í vetur og biðlisti að komast að hjá okkur. Frábært að fá að kynna þetta mikilvæga starf fyrir unga fólkinu okkar.

Við fengum leikskólakennara nema til okkar í verknám. Einn starfsmaður hjá okkur er einnig í leikskólakennara námi og annar í leikskólaliða námi.

Ávallt reynum við að vera lausnarmiðuð, jákvæð og láta hlutina ganga upp, en stundum er það erfitt í krefjandi aðstæðum. Þannig var veturinn svolítið hjá okkur. Og ég er hugsí yfir framhaldinu ... fjölmenningin er stöðugt að aukast hjá okkur í barna- og starfsmannahópnum og lítið sem kemur á móti því krefjandi umhverfi. Því það er krefjandi en samt einnig jákvætt og gefandi, lærdómsríkt. En vonandi verður útfærsla á styttingu vinnuvikunnar eitthvað gerð léttari fyrir okkur og nýtt fjárhagslíkan fer að detta inn svo ég geti rekið leikskólann með meiri og nánari vitneskju um stöðu mála en ég geri nú ! Það er ekki góð staða að vera í, þó að nánast 30 ára starfsreynsla sé að detta í hús hjá mér.

Mjög sorglegt er orðið að auglýsa eftir leikskólakennara eða fagmenntuðu starfsfólki og fá engar umsóknir sem uppfylla auglýstar kröfur.

En allir bíða mjög spenntir eftir langþráðu sumarleyfi, sem þyrfti nú að auka í 5 vikur svo hægt sé að þússla öllu vel saman ! Sólin og sumarið kemur vonandi fljótlega svo allir geti notið þess að hvíla lúin bein og efla hugann fyrir næstu lotu.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun í óskipulögðum stundum	Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum	Allt starfsfólk	Það gengur mjög vel með málörvun í skipulögðum stundum. En við þurfum að huga betur að óskipulögðum stundum, frjálsi leikurinn, fataklefinn, matartíminn, útiveran. Hvernig getum við aukið málörvun í þessum stundum. Áfram í vinnslu
Samskiptastefna (áður agastefna)	Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum	Allt starfsfólk	Samskiptastefnan er tilbúin og komin upp á vegg. Erum við að fara eftir henni? Gengur ágætlega, en þurfum að samræma aðeins betur og fara betur yfir útiveru og frjálsan leik Áfram í vinnslu
Leikur barna	Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum	Allt starfsfólk	Þurfum að skoða skipulag deilda betur og reyna að minnka uppbrot í leik barnanna. Gefa honum betri tíma og rými Áfram í vinnslu

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun SFS	Spurningarlisti á netinu	Starfsfólk	Almennt er fólk ánægt í vinnunni og stolt af sínum vinnustað. Mikil ánægja er með vinnustyttinguna en á móti er líka mikið álag sem henni fylgir á meðan er ekki gert ráð fyrir mannskap til að dekkja það. Það sem fólk var helst óánægt með eru launamál. Svo var það vinnuaðstæður, hljóðvist og loftgæði. Byrjað er að skoða loftgæði og hljóðvist svo það vonandi batnar á næstu mánuðum. Erfiðara er með almennar vinnuaðstæður í gömlu húsi og svo eru launin ekki eitthvað sem við getum stjórnað.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skýra betur hlutverk og verkefni stjórnenda	Að verkaskipting sé skýr. Skipta verkefnum á milli	Með skýrari verkaskiptingu, umræðum og samtali	Allir stjórnendur í leikskólanum	Haut 2024	Vor 2025	Umræður og samtal Handleiðsla ef þarf	Að allir aðillar séu öruggir í sínu hlutverki og hvað er vænst af þeim
Skerpa hlutverk starfsmanna	Að allir séu með sitt hlutverk og sín verkefni á hreinu	Með skýrari verkaskiptingu, umræðum og að rýna í starfslýsingar	Allir starfsmenn í leikskólanum	Haut 2024	Vor 2025	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir séu öruggir í sínu hlutverki og hvað sé vænst af þeim
Uppeldis- og menntastarf							
Málörvun í óskipulögðum stundum	Að allt starfsfólk auki málörvun í óskipulögðum stundum	Með því að leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman, benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga	Allir starfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir starfsmenn séu öruggir í að sinna málörvun í óskipulögðum stundum
Leikur barna og hlutverk starfsfólks	Að allt starfsfólk sé tilbúið að stíga inn í leikinn og sé meðvitað um mikilvægi leik barna	Með því að leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman, benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga	Allir starfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir starfsmenn séu öruggir að stíga inn í leik barna og taka þátt
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samskiptastefna	Að allir viti hvernig samskipti við viljum hafa í leikskólanum	Með því að leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman, benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga	Allir starfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir starfsmenn verði öruggir og betri í samskiptum við hvort annað, börn og foreldra
Málstefna	Að íslenska sé leikskólamálið	Með því að leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman, benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga	Allir starfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir starfsmenn verði öruggir að tala íslensku í leikskólanum
Innra mat							
Samskiptastefna	Hjálpast að að fylgja stefnunni	Umræður á deildum og á fundum	Allir starfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Umræður á fundum	Að farið sé eftir samskiptastefnunni



4 Innra mat – Hóll

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að börn þekki stafi, hljóð þeirra læri íslensku, læri orð og bæti við sig orðaforða Læra að skrifa nafnið sitt, þekki tölur og tölustafi.	Við kennum í gegnum leikinn, skipulögðum stundum, í söng, list-sköpun spil, hlusta á sögur, í gegnum lærum og leikum með hljóðin, og Lubba	Allir starfsmenn taka þátt í kennslunni	Ágúst 2024	Júlí 2025	Stafakönnun, hljóð 2, orðaforðapróf)	Að börn þekki íslensku stafina og hljóð þeirra Geti hlustað og skilið sögur að börn geti tekið þátt í einföldum samræðum
Félagsfærni	Efla þekkingu barnsins á tilfinninga-greind og geti haft orð á tilfinningum sínum. Að börn læri að segja nei við ofbeldi Að börn læri að spyrja hóp barna hvort það megi vera með í leik sem er þegar byrjaður. Börn verða að læra að deila með sér leikföngum. Börn hlusta á félagsfærnis-sögur og ræða ýmis málefni Barnasáttmáli Sameinuðþjóðarinnar kynntur. Að Börn átti sig á því að þau hafi mannréttindi.	Bangsinn Blær kennir börnum að hafna ofbeldi börn merkja við tilfinninga myndir þegar þau koma í leikskóla, Börn þjálfast í félagsfærni í gegnum leikinn, deildafundir með börnum Að börn læri um réttindi sín samræður og myndir.	Allir starfsmenn á deild	Ágúst 2024	Júlí 2025	Að börn geti tjáð sig um líðan sína og tilfinningar að börn finni að þau séu velkomin í hópinn. Að börn eignist féлага. Deildafundir 1x í viku Að börn læri um réttindi sín í smáhópum og 1x í viku	Góð vinátta á deildinni Barn lærir að taka höfnun og færa sig þá annað og leika við annan féлага. Börn læri og hafi hlustað á sjónarmið annarra barna og að aðrir hafi ólíkar skoðanir

Greinagerð deildarstjóra á Hóli

Á Hóli, veturinn 2023-2024 voru upphaflega 17 börn en eru nú 16. Það eru tveir starfsmenn á Hóli í fullu starfi og einn í 60%. Börnin á Hóli eru af 12 mismunandi þjóðernum öll fædd 2018 og eru því á síðasta ári í leikskólanum. Þau eru skemmtileg, kraftmikil og fjörug, mikill fjölbreytileiki einkennir hópinn. Starfið gekk vel þrátt fyrir miklar áskoranir. Það má segja að starfið í leikskólanum og inni á deild sé alltaf í sífelldri endurskoðun, skipulagið sé lifandi, sem breytist á hverjum degi. Við endurskipulögðum deildastarfið, stokkuðu því upp og með sameiginlegu átaki okkar gekk allt upp.

Í samstarfi við leikskólann Ösp og Fellaskóla hefur helsta áherslan verið lögð á læsi og félagsfærni. Öðrum námsþáttum hefur verið blandað inn í það starf. Þau tóku þátt í mörgum verkefnum sem beint var að elsta hópnum í leikskólanum. Stærsta verkefnið var tengt Barnamenningarhátíðinni í Reykjavík sem að þessu sinni var kölluð Regnbogi meistarans og endaði á tónleikum í Hörpunni. Vinátta, tilfinningar og félagsfærni voru einnig ofarlega í huga þennan vetur og er þar rauði þráðurinn bangsinn Blær sem hafnar ofbeldi. Við munum áfram leggja áherslu á læsi og félagsfærni nú í



samstarfi við deildina Bakka þar sem við verðum með blandaðan árgang börn fædd 2019 og börn fædd 2020.

5 Innra mat - Bakki

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti barnanna	Að börnin sýni hvert öðru meiri tilitssemi og kurteisni.	Við leiðbeinum börnunum með þetta frá byrjun. Við hrósum þeim fyrir að leyfa hinum að vera með og líka þeim sem fá nei fyrir að hlusta á svarið.	Allir starfsmenn	Ágú 2024	Ágú 2025	Við starfsmenn Bakka höfum rætt hvernig þetta virkar og okkur finnst mikill munur á framkomu þeirra við hvort annað. Þau eru mun sáttari í leik og starfi.	Það er í raun framkoma barnanna við hvert annað sem er viðmið okkar.
Málörvun	Við förum daglega í 2-3 málörvunarhópa og börnin fara milli stöðva	Lærum og leikum og Lubbi eru alltaf en svo erum við með spil myndir og bækur sem eru tengd þema hverju sinni	Allir starfsmenn			Börnin eru sett í Hljómpróf að hausti áður en þau byrja í skólahóp	Að börnin hafi aukið orðaforða og skilning á íslensku
Tilfinningar	Að börnin taki eftir því hvernig þeim líður og hvernig öðrum líður	Börnin eiga klemmu með nafninu sínu og setja hana við mynd sem sýnir tilfinningar	Allir starfsmenn			Hafa samskipti barnanna batnað og tala börnin um hvernig þeim líður	Að samskipti barnanna hafi batnað, þau geti sagt okkur hvernig þeim líði og bent okkur á ef öðrum líður illa.

Greinagerð deildarstjóra á Bakka

Á Bakka eru 2-3 starfsmenn og 15 börn af 10 þjóðernum.

Við byrjum alltaf á að fara yfir tilfinningatöfluna, síðan er farið yfir dag, dagsetningu, veður og útiklæðnað. Við erum með hlutverk fyrir börnin umsjónarmaður leggur á borð og sækir matinn.

Teljari telur hve margir eru í mat með umsjónarmanni og þau fara svo í eldhúsið og láta vita þar.

Huggari huggar ef þess þarf eða bendir okkur á ef einhver þarf knús. Bókaþjónn safnar saman bókum og gengur frá í bókahillu. Sópstjóri aðstoðar við frágang í fataklefa. Ávaxtastjóri segir hópnum hvaða ávextir eru í boði þann daginn. Við förum í málræktarverkefni í 2-3 hópum á hverjum degi og einnig erum við með málrækt fyrir mat og kaffi en þá með öll börnin.



6 Innra mat – Sel

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Orð dagsins	Að velja á hverjum degi eitt orð úr hverju þema sem verið er að vinna með sem orð dagsins.	Eitt barn í einu fær að velja orð til að hafa sem orð dagsins. Orðið með mynd er síðan prentað út og sett upp á vegg.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Sept 24	Júní 25	Rætt á deildarfundum hvort við sjáum framfarir í orðaforða.	Að orðaforði aukist og að bæði mynd- og ritmál sé sýnilegra.
Félagsfærni	Að börnin læri að eiga góð samskipti og að sýna hvort öðru kurteisi.	Að starfsfólk séu góðar fyrirmyndir í samskiptum. Nota vináttubangsann Blæ til að eiga samræður við börnin um góð samskipti.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Sept 24	Júní 25	Rætt á deildarfundum hvort við sjáum framför hjá börnunum.	Að börnin geti átt í góðum samskiptum við önnur börn og fullorðna.
Stjarna vikunnar	Í hverju viku sé eitt barn valið sem fær að vera stjarna vikunnar.	Stjarna vikunnar fær að koma með ákveðna hluti að heiman til að sýna í leikskólanum.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Sept 24	Júní 25	Rætt á deildarfundum hvort við sjáum að samskipti við foreldra hafi aukist.	Að samskipti á milli leikskóla og foreldra verði meiri.
Lubbi	Að Lubbi fái að fara heim yfir helgi.	Fyrir hverja helgi er eitt barn valið sem fær að taka Lubba með sér heim.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Sept 24	Jún 25	Bók fylgir með Lubba þar sem eru hugmyndir hvað hægt er að gera með Lubba og foreldrar skrifa hvað Lubbi gerði yfir helgina.	Að samstarf við foreldra aukist.

Greinagerð deildarstjóra á Seli

Í vetur hafa verið 16-17 börn á Seli frá ýmsum þjóðernum. Tungumálin sem töluð hafa verið á deildinni eru íslenska, pólska, sómalska, arabíska, gríska, enska, spænska, tælenska og slóvakíska. Á deildinni í vetur hafa verið þrjár starfsmenn, einn stuðningsstarfsmaður og einn starfsmaður í hlutastarfi eftir hádegi. Starfsmenn eru frá Íslandi, Póllandi og Tælandi. Sem sagt mikil fjölbreytni. Vegna mikillar fjölmenningar á deildinni og í leikskólanum öllum þá er aðaláherslan í okkar starfi almenn málörvun, efla málþroskann, auka orðaforða og íslenskukunnáttu hjá börnunum. Héldum við áfram með sama skipulag á vinnu okkar með börnunum í vetur og áður sem hefur reynst vel. Áfram var farið í málörvunarstundir á hverjum degi þar sem alltaf var tekið fyrir ákveðið þema í tvær vikur í einu, t.d. matur, föt, leikföng, litir, form o.fl. Málörvunarstundirnar gengu mjög vel. Starfsmenn eru orðnir mjög vanir að vinna með þau þemu sem við tökum fyrir og gengur það mjög vel. Börnin fóru í málörvunarhringekju einu sinni í viku með hinum tveimur deildunum í Stóra-Holti. Þá fóru börnin á milli stöðva þar sem mismunandi verkefni voru tekin fyrir. Auk málörvunarstundanna þá voru kubbastundir með einingakubba alltaf einu sinni í viku fyrir helming af börnunum í einu. Hreyfistundir eða holukubbar voru til skiptis einu sinni í viku í salnum okkar. Spilastundir og föndur voru líka einu sinni í viku.



Á hverjum degi förum við í umsjónarmann þar sem sá sem er umsjónarmaður segir okkur hvaða dagur er og mánuður, hvernig veðrið er og hvernig við þurfum að klæða okkur. Umsjónarmaðurinn aðstoðar svo í hádeginu og drekkutímanum að leggja á borð og ná í matinn í eldhúsið. Önnur hlutverk sem við höfum eru sópari, þvottabjónn, huggari, bókaþjónn, teljari og ávaxtastjóri. Allir eru mjög spenntir að fá einhver hlutverk. Við erum líka með tilfinningatöflu þar sem börnin merkja við með klemmu sem er með nafninu þeirra hvernig þeim líður þann daginn.

Lubbi finnur málbein er mikið notaður hjá okkur og þá aðallega í samverustundum. Við lesum alltaf á hverjum degi um þann staf sem við erum að læra og hlustum á lagið sem er líka með hverjum staf. Ætluðum við síðan í vetur að hafa Lubbastundir einu sinni í viku en það náðist ekki alltaf hjá okkur og ætlum við okkur að bæta úr því næsta vetur. Áfram var bókaormurinn hjá okkur og gengur það verkefni mjög vel. Þá kemur barn sem er bókaormur dagsins með bók með sér í leikskólann. Bókin er lesin og barnið velur sér eitt orð úr bókinni sem er sett upp á vegg ásamt mynd og orðin mynda síðan bókaorm á veggnum. Börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt og þeim fannst mjög spennandi að fá að vera bókaormur og að sjá orðið sem það valdi upp á vegg á bókaorminum.

7 Innra mat – Stóra-Fell

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustund	Að börnin viti og geti sagt sitt nafn og annarra. Talið er upp í 20 á hverjum degi. Að börnin viti hvernig þau eiga að klæða sig í útiveru þann dag.	Farið er í samverustund á hverjum degi, þrisvar á dag. Eftir morgunmat, fyrir hádegismat og fyrir kaffi. Sungin eru lög tengd þemum, börnunum sýnt á myndrænum hátt hvernig á að klæða sig þann dag. Börn og starfsmenn eru talin á hverjum degi upphátt og einnig upp í 20. Börnin eru hvött til að syngja upphátt og eitt barn leiðir sönginn hvern dag.	Starfsfólk á deildinni og deildastjóri	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsmenn og deildastjóri ræða saman á deildarfundum um hvað gengur vel og hvað mætti bæta. Rætt er um hvaða börn þurfa eftirfylgni.	Börnin geti setið saman í hóp og tekið þátt í samverustund. Þegar börnin þekkja nafnið sitt og annarra, geta sungið með og gert hreyfingar. Talið er upp í 20 og klæði sig sjálf.
Frjáls leikur	Að börnin fái að læra leik á sínum forsendum. Leikurinn er grunninn að námi barna, eðli leiksins skiptir máli. Leikur er	Frjáls leikur er daglega og börnunum er boðið að velja hvað þau vilja leika.	Starfsmenn deildarinnar og deildarstjóri	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Kennarinn á að taka lýðræðislega nálgun, ekki setja niður ákvarðanir eða lausnir, heldur	Að börnin eru að ná að dunda sér við leik og ná betri samskiptum við önnur börn bæði í hlutverkaleik eða í



	mikilvægasta leiðin til að kenna börnum.					semja, spyrja spurninga og gefa börnum tækifæri til að velja. Hann þarf að hlusta á raddir þeirra og hugmyndir og skoða einstaklings einkenni hvers barns, styrkleika þess og getu.	uppbyggilegu m leik.
Málörvun	Málörvunin á að efla börnin í máli og skilning.	Unnið er með verkefni „lærum og leikum“ og „Lubbi finnur málbein“ á hverjum degi í samverustund eftir morgunmat. Verkefni „Blær“ er tekið fyrir tvisvar í viku og einnig í daglegum frjálsum leik.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsmenn ræða saman á deildarfundum um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa. Tekin eru fyrir börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir og hver þarf meiri eftirfylgni. Starfsmenn eru þá meðvitaðir um getu barnanna og viti hvort þau þurfi frekari aðstoð við málörvun.	Að börnin skilji fyrirmæli, leiðbeiningar og almennar samræður. Að þau sýni skilning á því þema sem tekið var fyrir þá viku og þekki þau orð sem var lagt áherslu á.
Lestrarstund	Að börnin geti hlustað á stuttar sögur og leiti í bækur af sjálfsdáðum. Svараð spurningum um lesefni.	Lesið er fyrir börnin á hverjum degi í samverustund fyrir kaffitímann. Bækurnar eru tengdar þemum. Verkefni „Bókaormur“.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2024	Júlí 2025	Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort börnin kunni að leika saman í hóp óháð aldri. Mikilvægt er að kennari sé styðjandi við börnin og veki þau til frekari umhugsunar um námsefnið, það hvort þau á þann hátt að þau horfi til baka og tengi við eigin reynslu.	Að börnin vilji fara út að sjálfsdáðum. Geti klætt sig sjálf með eins lítilli aðstoð og hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi. Nám sem fer fram utandyra hentar sumum börnum betur en að sitja á stól við borð. Því er mikilvægt að hlusta á börn og leyfa þeim að láta í ljós viðhorf sín.
Útivera	Að börn hafi ánægju til að vera úti og geti leikið sér með leikföng á viðeigandi máta ásamt að æfa félagsfærni við börn á öðrum aldri. Börnin geti klætt og afklætt sig sjálft að mestu leiti.	Farið er út 1-2 sinnum á dag. Mismunandi leikföng eru hvern dag. Nýtt eru leikskólasvæðið og farið er í göngutúra til að skoða nærliggjandi náttúru.	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2024	Júlí 2025	Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfti aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum.	Að börnin vilji fara út að sjálfsdáðum. Geti klætt sig sjálf með eins lítilli aðstoð og hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi. Nám sem fer fram utandyra hentar sumum börnum betur



							en að sitja við borð. Því er mikilvægt að hlusta á börn og leyfa þeim að láta í ljós viðhorf sín.
--	--	--	--	--	--	--	---

Greinagerð deildarstjóra á Stóra-Felli

Á Stóra-Felli í vetur hafa verið 15 börn. Í mars færðist 1 barn yfir á Sel. Á deildinni eru 8 stelpur og 6 strákar. Tungumálin sem eru töluð á Stóra-Felli eru: íslenska, pólska, enska, filippseyska, arabíska, litáíska, portúgalska, rúmenska og króatíska. Fjórir starfsmenn hafa verið á deild þar af tvær sem sjá um stuðning.

Seinasta vetur gekk aðlögun aðeins erfiðar en árið áður og nokkur börn með sérþarfir sem þurftu meiri tíma til að aðlagast nýju umhverfi og starfsfólki. Einnig þurftum við að breyta flestum verkefnum og kennsluefni til að mæta þörfum hópsins og getu barnanna. Samverustundirnar okkar voru öðruvísi en venjulegt. Börnum var skipt í litla hópa (3-4 börn) þar sem kennari fór yfir verkefni og málörvun með þeim. Eftir útfærslu þessa breytinga sáum við fleiri framfarir og meiri ánægju hjá börnunum og starfsfólkinu.

Á þessa ári var lögð áhersla á frjálsan leik og útiveru. Það var haldið áfram með verkefnið „Bókaormur“, en það var ekki eins mikil þátttaka og í fyrra. Við ætlum að halda áfram með þetta verkefni í næsta vetur. Okkur langar líka að byrja aftur með „Bóbó Bangsa“ verkefnið.

8 Innra mat – Litla-Fell

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að efla börnin í máli og skilning.	Fara í skipulagða málörvun á hverjum degi. Leggja orð á allt sem við gerum allan daginn og tölum við börnin við hvert einasta tækifæri. Nýta matartímana og klósettferðir/bleiuskipti.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2024.	Mái 2025.	Starfsfólk fundar reglulega á deildarfundum og ræðir saman um hvernig gengur, hvort að við sjáum árangur og hvort að það séu einhver börn sem að þurfi sértæka aðstoð í máli og skilning.	Sjá framfarir í máli og skilning hjá börnunum. Að þau geti tjáð sig með orðum og hvort að skilningur sé góður.
Samverustund	Börnin læri að sitja í hóp, klappa nafnið sitt, syngja, telja hve margir eru mættir, hlusta á sögur. Förum yfir hvaða dagar er, hvernig veðrið sé og hvernig á að klæða sig fyrir	Förum í 2-3 samverustundir á hverjum degi. Þar syngjum við, klöppum nafn allra sem mættir eru, lesum bækur og hlustum á sögur. Notum líka Lubba, lærum og leikum og Georg og félagar.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2024.	Mái 2025.	Starfsfólk ræði saman um hvernig gengur. Hvort að við sjáum framfarir og hvort að það sem við erum að gera sé að skila sér til barnanna.	Börnin geti setið saman í hóp og tekið þátt í samverustund. Geti klappað nafnið sitt og annarra barna. Geti talið upp á 10-15. Geti setið og hlustað á sögur.



	útiveru þann daginn.						
Frjáls leikur	Að börnin fái tækifæri til þess að læra að leika saman í hóp og læri að deila leikföngum með öðrum	Hafa frjálsan leik í dagskipulaginu á hverjum degi. Leyfa börnunum að fá að leika sér óáreitt og geti fengið að velja hvaða dót það vill leika með hverju sinni.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2024.	Maí 2025.	Starfsfólk ræði saman og sjái hvernig gengur í frjálsa leiknum. Hvort að það séu börn sem að þurfi að grípa inn í og aðstoða við að koma þeim inn í leik með öðrum börnum.	Að börnin geti leikið sér ein og við önnur börn. Geti deilt leikföngum með öðrum.
Útivera	Að börnin fái að njóta þess að vera úti, kynnist nærumhverfi sínu. Fái að leika við börn af öðrum deildum. Læri að klæða sig í og úr útifötum að mestu leyti sjálf.	Fara út á hverjum degi. Nota mismunandi leikföng í útiveru. Nýta leikvelli hér í kring og fara í göngutúra	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2024.	Maí 2025.	Að ræða saman reglulega hvernig útiveran gangi. Hvort að það séu einhver börn sem að þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort að einhver börn séu ekki að njóta sín í útiveru.	Að börnin geti notið sín í leik úti og hafi gaman að. Að börnin fái að kynnast nærumhverfi sínu með því að vera duglegar að fara út úr garðinum. Að börnin geti klætt sig í og úr útifötunum að einhverju leyti.
Bókaormur	Að börnin fái að velja bók heima sjá sér og koma með í leikskólann sem er svo lesin í samverustund.	Í byrjun vikunnar eru valin börn sem fá að vera bókaormar þá vikuna. Settur er miði í hólfi barnanna daginn áður og auglýst á Facebook fyrir foreldra.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2024.	Maí 2025.	Starfsmenn ræða saman reglulega og meta hvort að það þurfi að breyta útfærslunni eitthvað.	Að tengja leikskólann og heimilið meira saman. Börnunum finnist gaman að koma með bók og láta lesa hana fyrir hin börnin á deildinni.
Göngu- og strætóferðir	Að börnin fái að kynnast nærumhverfi sínu. Læri að ganga saman í hóp og fái að njóta þess að ferðast um í strætó og skoða nýja staði.	Skipuleggja ferðir, bæði gönguferðir og strætóferðir.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2024.	Maí 2025.	Starfsmenn deildarinnar ræða saman eftir hverja ferð og meta hvernig gekk og hvað betur mætti fara.	Að börnin geti alltaf farið aðeins lengra í hverri gönguferð. Byrjum á stuttum ferðum og lengjum þær eftir því hvernig gengur með börnin.

Greinagerð deildarstjóra á Litla-Felli

Á Litla Felli vinna 3 starfsmenn. Börnin voru 14 talsins fyrir áramót en eftir áramót voru þau 13, öll fædd árið 2021. Á deildinni eru töluð 10 tungumál; íslenska, pólska, filipseyska, serbneska, gríska, úkraínska, litháenska, arabíska og spænska.

Aðlögun gekk mjög vel. Á hverjum degi förum við í 3 samverustundir, á morgnana er farið yfir hvaða



dagur er, hvernig veðrið er og í hvaða fatnað við þurfum að klæða okkur í áður en við förum í útiveru. Förum líka í Lubba, lærum og leikum með hljóðin.

Samverustundirnar fyrir hádegismat og kaffitíma, þá syngjum við, lesum sögur, hlustum á sögur, Georg og félagar appið og margt fleira.

Við förum í málörvun á hverjum degi og vinnum við með þema, sem breytist á hálfmánaðar fresti.

Við nýtum allar athafnir dagsins til að nýta í málörvun, við matarborðið, í

bleiuskiptum/klósettferðum, þegar við erum að klæða börnin í útiföt og þegar við komum inn úr útiveru.

Leggjum áherslu á frjálstan leik, þar sem hann er mjög mikilvægur upp á félagslegan þroska og börnin læra mjög mikið í frjálsum leik.

Við tókum upp verkefnið Bókaormur dagsins og hefur það gengið vel. Gengur út á það að börnin fá að koma með bók að heiman og er svo lesin í samverustund fyrir öll börnin. Við setjum á Facebook á mánudögum hverjir eru bókaormar vikunnar og daginn áður en barnið er bókaormur fær það miða í hólfið sitt. Börnin eru mjög spennt að fá að koma með bók í leikskólann.

Við ákváðum að við ætluðum að vera duglegar að fara í gönguferðir og strætóferðir. Leyfa börnunum aðeins að kynnast umhverfinu í kringum leikskólann. Þetta sló alveg í gegn hjá þeim og sérstaklega strætóferðirnar.



9 Innra mat – Berg

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að efla börnin í máli og skilning.	Fara í skipulagða málörvun á hverjum degi og leggja orð á allt sem við gerum allan daginn og tölum við börnin.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsmenn ræða saman á deildarfundum um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa. Tekin eru fyrir börn sem við þurfum að fylgjast betur með og hver þarf meiri eftirfylgni. Starfsmenn eru þá meðvitaðir um getu barnanna og viti hvort þau þurfi frekari aðstoð við málörvun.	Að börnin skilji fyrirhæfi, leiðbeiningar og almennar samræður. Að þau sýni skilning á því þema sem tekið var fyrir þá viku og þekki þau orð sem var lagt áherslu á og að þau geti tjáð sig með orðum.
Samverustund og veðurfræðingur	Börnin geta sagt sitt nafn og annarra. Byrja að telja upp í 15 (fjöldi barna á deild), og kunna sinn staf. Að börn viti hvernig þau eiga að klæða sig þann dag.	Förum í samverustund 2-3 sinnum á hverjum degi, syngjum saman lög, klöppum nöfn og sýnum bókstafinn þeirra. Talið er hversu margir eru mættir þann dag. Sýnum börnunum hvernig þau eiga að klæða sig fyrir útiveru eftir veðri á myndrænan hátt.	Starfsfólk á deildinni	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Rætt er um börn sem við þurfum að fylgjast betur með.	Þegar börn geta klappað sitt nafn sjálf og annarra. Byrja að syngja með og gera hreyfingar.
Frjáls leikur	Að börnin fái tækifæri til þess að læra að leika saman í hóp og læri að deila leikföngum með öðrum	Hafa frjálsan leik í dagskipulaginu á hverjum degi. Leyfa börnunum að fá að leika sér óáreitt og geti fengið að velja hvaða dót það vill leika með hverju sinni.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsfólk ræði saman og sjái hvernig gengur í frjálsa leiknum. Hvort að það séu börn sem að þurfi að grípa inn í og aðstoða við að koma þeim inn í leik með öðrum börnum.	Að börnin geti leikið sér ein og við önnur börn. Geti deilt leikföngum með öðrum.
Hópastarf	Að börnin fái að læra leik í minni hópum.	Hópastarf er daglega og börnunum er skipt í 3 hópa, 4-5 börn í hóp. Unnið er með list, könnunarleik og málörvun til skiptis, Blær verkefni, lærum og leikum, lestrarstund og Lubbi.	Hópstjóri hvers hóps	Ágúst 2024	Júlí 2025	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum.	Að börnin eru að ná að dunda sér við leik og ná betri samskiptum við börnin í hópnum sínum og sinn hópstjóra.
Bókaormur	Að börnin geti hlustað á stuttar sögur og koma með	Lesið er fyrir börnin á hverjum degi í	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2023	Júní 2024	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa og meta	Þegar börnin sýna lestri bókarnar áhuga með því að sýna öðrum



	bækur heiman frá sér.	samverustund eftir útiveru.				hvort að það þurfi að breyta eða bæta við í útfærslunni.	börnum bókina sem þau komu með og endurtaka orð úr sögunni.
Útivera	Að börn hafi ánægju til að vera úti og geta leikið sér með leikföng á viðeigandi máta ásamt að æfa félagsfærni við börn á öðrum aldri. Börnin geta klætt og geta afklætt sig sjálfst að mestu leiti.	Farið er út 1-2 sinnum á dag. Mismunandi leikföng eru hvern dag. Nýtt er leiksvæðið til að skoða umhverfið og nærliggjandi náttúru. Á sumrin er reynt að fara sem mest út.	Starfsmenn á deild	Ágúst 2024	Júlí 2025	Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort börnin kunni að leika saman í hóp óháð aldri.	Að börnin vilji fara út að sjálfsdáðum. Getu klætt sig sjálf með eins litli aðstoð og hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi.
Gönguferðir og strætóferðir	Að börnin upplifi að læra um umhverfið, skoða náttúruna og nýja staði. Læri að ganga saman í hóp og njóta að ferðast um í strætó.	Skipuleggja gönguferðir og strætóferðir	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Mars 2024	Júlí 2025	Ræðum saman eftir hverja ferð og meta hvernig gekk og hvað betur mætti fara.	Að börnin geti farið aðeins lengra í hverri ferð og lært gönguferð reglurnar.

Greinagerð deildarstjóra á Bergi

Á Bergi vinna 4 starfsmenn, 3 starfsmenn eru með um 4-5 börn í hóp. Það voru 14 börn í byrjun skólaárs, eitt barn hætti um mið skólaárs og eitt barn bættist við í Maí. Á deildinni eru 5 strákar og 9 stelpur af 8 þjóðernum. Nýr deildarstjóri tók við í Janúar 2024 og hélt áfram markmiði ársins, sérstaklega málörvuninni og bætti við nokkrum hugtökum sem gætu hjálpað börnum að læra frekar. Að því sögðu unnum við mikið með Lubba, Lærum og leikum, Blær, og gerðum mismunandi þemu, listir og lög tengd Lubba. Venjulega byrjum við daginn á samverustund og síðan hópavinnu sem hjálpar til við að einbeita sér að málörvun þar sem þeir vinna í litlum hópum. Við endurhönnuðum líka deildina okkar með því að setja öll myndefni í augnhæð barna eins mikið og mögulegt er.

Í ár leggjum við einnig áherslu á samhæfingu og hreyfifærni barna. Við bjuggum til gagnvirkar bækur og töflur, prófuðum að nota skærin, leyfðum þeim að leika sér með sand, vatn og kubba til að hjálpa við að þróa skyn- og fínhreyfingar, og einnig hafa börn skipst á að fara í salinn til að stunda líkamsrækt. Við höfum verið mjög dugleg að fara í göngutúra um svæðið, heimsækja mismunandi leiksvæði og einnig horfa á bíla líða hjá á meðan við vorum stödd á brúnni að veifa til þeirra. Það var líka frábær og skemmtileg upplifun að fara með börnunum í strætó að Seljatjörn og skemmta okkur með öndunum, börnin voru búin að finna sér vinalegan kött. Þetta var frábær upplifun fyrir börnin og svo heyrum við þau endalaust segja „strætó“ allan daginn!



10 Innra mat sérkennslu

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Leikskólinn Holt skipuleggur skólastarf sitt út frá skóli án aðgreiningar þar sem allir eiga jafnan rétt á að taka þátt í skólastarfinu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, uppruna, þörfum og hæfileikum sérhvers barns. Í Leikskólanum Holti er mikil fjölmennung sem gerir skipulag leikskólastarfsins flóknara og mun fleiri þættir sem þarf að taka tillit til. Innan leikskólans er fullgildi barna mikilvæg og öll börn sem njóta sérkennslu innan Leikskólans Holts eru hluti af heildinni og eru virkir þátttakendur í öllu skólastarfi deildarinnar. Sérkennsla fer fram bæði innan deildarinnar sem og utan hennar, mikilvægt er að börn sem njóta sérkennslunnar fái einnig einstaklingsbundna þjálfun utan deildarinnar þar sem unnið er að persónulegum markmiðum.</p> <p>Frá byrjun leikskólagöngu barnsins er fylgst með þroska og framförum þess og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Snemmtæk íhlutun felst í því að greina frávik í þroska með inngripi eins snemma og auðið er. Sérkennslustjóri heldur utan um alla sérkennslu innan leikskólans.</p> <p>Sérkennslustjóri leikskólans vinnur í nánú samstarfi við foreldra barnanna og ráðgjafa Suðurmíðstöðvar, þar starfa sálfræðingar, sérkennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar, félagsráðgjafar og talmeinafræðingar. Þau börn sem njóta sérkennslu innan leikskólans eru með teymi utan um mál sitt sem samanstendur af þeim ráðgjöfum sem barnið þarfnast auk stuðningsstarfsmanni, sérkennslustjóra og foreldrum. Í sumum tilfellum þarfnast barnið aukinnar íhlutunar utan leikskólans og Suðurmíðstöðvar eins og frá sjúkra- og iðjuþálfa, atferlisráðgjafa eða jafnvel inngripi frá Barnavernd. Haldnir eru teymisfundir á 6 – 8 vikna fresti. Á fundunum er farið yfir stöðu barnsins og íhlutanirnar eru yfirfarnar með gagnrýndum augum, hvernig gengur, þarf að breyta nálgunum á einhvern hátt eða er hægt að halda áfram eins og frá var horfið. Einstaklingsnámskráin er einnig yfirfarin og metin er líðan barnsins sem og hvernig framhaldið lýtur út.</p> <p>Farsældar lög Innleiðing farsældar og lög um samþættingu í þágu barna er hafin og hefur verið í innleiðingarferli í rúmt ár. Lögnum er ætlað að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.</p> <p>Ábyrgðaraðilar fylgjast með velferð og farsæld barna og meta þörf fyrir þjónustu og bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur. Ábyrgðaraðilar hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra. Vorið 2023 hófst innleiðing á undirbúningsfundum innan leikskólans fyrir lausnaráðsfundina með Suðurmíðstöð. Sérkennslustjóri er tengiliður leikskólans. Undirbúningsfundir leikskólans snúast um að fara yfir áhyggjuskráningarblað deildarstjóra vegna áhyggna af þroska, framfara og velferð barns. Rætt er um lausnir, íhlutanir, framhaldið og skipulagðir eru fundir í kjölfarið. Á undirbúningsfundunum er einnig farið yfir þær íhlutanir sem eru í gangi nú þegar, eru framfarir eða afturför, þarf að viðhalda íhlutuninni, breyta nálguninni eða fá utanaðkomandi aðstoð. Ef þörf er á utanaðkomandi aðstoð er málið tekið inn á Lausnarteymis fund með Suðurmíðstöð. Lausnarteymisfundir eru haldnir tvisvar sinnum á hvorri önn. Sérkennslustjóri heldur utan um undirbúningsfundina og framhald hvers máls fyrir sig, er í stöðugu sambandi við deildarstjóra og viðheldur íhlutuninni og sérkennslunni sem barnið þarf á að halda. Út frá undirbúningsfundunum undirbýr sérkennslustjóri fundargerð fyrir Lausnarteymisfund (Samráð).</p> <p>Breytingar urðu á úthlutun fjármagns í sérkennslu í janúar 2024. Áður var fjármagninu úthlutað í 1. flokk og 2. flokk. 1. flokkur fékk úthlutaða tíma á dag en 2. flokkur fékk úthlutað fjármagn fyrir hvern mánuð. Munurinn liggur í að börn</p>
--	--



	<p>með úthlutaðan 1. flokk voru með fastan starfsmann með sér í X langan tíma á dag, en fjármagnið sem börn í 2. flokk fengu úthlutað var undir leikskólastjóranum komið (í samvinnu við sérkennslustjóra) hvernig það var nýtt. Hvort sem það var nýtt til að kaupa efnivið eða upp í stöðugildi starfsmanns.</p> <p>Nýja úthlutunin felur einnig í sér 1. flokk en svo er <i>snemmtæk íhlutun</i>. 1. flokkur felur í sér úthlutaða tíma eins og áður en <i>snemmtæk íhlutun</i> felur í sér eitt stöðugildi fyrir stuðningsstarfsmann sem deilir tíma sínum á milli barna sem eru skráð með <i>snemmtæka íhlutun</i>.</p> <p>Sérkennslustjóri skipuleggur sérkennsluna í leikskólanum og býr til einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem njóta sérkennslu.</p> <p>Skólaárið 2023-2024</p> <p>Á skólaárinu 2023-2024 voru átta börn skráð í fyrsta flokk og tvö börn skráð undir <i>snemmtæka íhlutun</i>. Öll börn sem eiga rétt á sérkennslu eru með teymi í kringum sig sem heldur teymisfundum á 6-8 vikna fresti eins og kemur fram hér að ofan.</p> <p>Á skólaárinu 2023-2024 voru ellefu börn rædd á undirbúningsfundum vegna ýmskonar vanda, tilfinninga-, hegðunar- eða málþroskavanda.</p> <p>Sjö börn af þessum ellefu voru einnig rædd á Lausnarteymisfundum (Samráði) með Suðurmíðstöð og hafa annað hvort fengið stutta íhlutun sérfræðinga eða send var tilvísun til sálfræðinga til að láta skoða almennan seinþroska eða fá heildrænt málþroskamát.</p> <p>Skráning</p> <p>Hvert sérkennslubarn er með einstaklingsnámskrá sem inniheldur skráningareyðublöð. Stuðningsstarfsmenn skrá niður hvað er gert í hverri vinnustund og hvað er verið að vinna að hverju sinni. Reglulega er farið yfir námskránnu og endurnýjuð einstaklingsbundin markmið.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Matslistar</p> <p>Einstaklingsnámskrá er unnin út frá AEPS matslistanum, atferlisþjálfun, gráu bókinni: <i>Behavioral Intervention for Young Children with Autism</i>, VB-mapp. Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn eru einnig notaðir til þess að meta þroskatölu barns og skoðaðir undirþættir eins og hreyfiþáttur (gróf- og fínhreyfingar), málþáttur (hlustun og tal) og sjálfsbjörg.</p> <p>Hljóm2 og Efi2 eru málþroska skimanir sem nýttar eru til að meta stöðu barnanna og gefa skýra mynd að því hvað þarf að vinna með.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Námsefni sem unnið er með í sérkennslu eru ákveðin leikföng, verkefni út frá AEPS listanum og atferlisíhlutuninni, spil og sjónrænar myndir.</p> <p>Keypt voru skynörvunar leikföng, þyngdarteppi, bækur og fleira.</p> <p>Einnig eru nýtt aðkeypt gögn milli ára og gögn sem hafa verið búin til innan leikskólans.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stuðningsstarfs maður að koma inn í nýtt starf	Ut anumhald stuðnings starfsmanna	Þegar starfsmaður tekur að sér stuðningsbarn, er farið í gegnum ákveðið verkferli.	Sérkennslu stjóri	Haus 2024	Vor 2025	Nafnlaus könnun sem snýr að utanumhaldi. Hefur starfsmaðurinn fengið þá aðstoð sem hann þarf til þess að geta unnið starfið sitt vel. Hvað er hægt að gera betur.	
Handbók stuðningsstarfs manna	Gera stuðnings starfs mönnum auðveldara með að stíga inn í nýtt hlutverk.	Þegar starfsmaður tekur að sér stuðningsbarn, er farið í gegnum ákveðið verkferli. Í bókinni: Hvernig er unnið með börnum sem þurfa sérkennslu. Agastefna. Stuðningsflokkar. Undirbúningstími. Skráning vinnustunda Þjónustuteymi Persónuvernd Þagnarskylda o.fl.	Sérkennslu stjóri	Haus 2024	Vorið 2025	Farið yfir bókina þegar starfsmaður tekur að sér barn í sérkennslu. Metið í samtali/fundi með stuðningsstarfsmann ni. Út frá samtali/fundi er metið hvort þörf er á að skerpa ákveðna þætti sem koma fram í handbókinni.	Stuðningur gengur inn í starfið fullur sjálfstrausts. Stuðningur hefur skilning á starfi sínu. Góður skilningur á þörfum barnsins. Starfsmaður veit hvert hann á að leita ef hann þarfnast einhvers. Hreinskilin og berskjölduð samskipti.
Samtal við stuðnings starfsmenn	Ut anumhald	Halda reglulega fundi með stuðningsstarfsmön num	Sérkennslu stjóri	Haus tíð 2024	Vor 2025	Samtal/fundir haldnir með það að leiðarljósi að starfsmaður fái tækifæri til að deila líðan sem stuðningur, fá aðstoð með ákveðna þætti innan sérkennslunnar. Starfsmaður fær einnig tækifæri til að gagnrýna þá þætti sem mætti fara betur innan sérkennslunnar.	Ut anumhald við stuðningsstarfsm enn. Valdefling og uppbygging starfsmannsins. Aukin þekking á starfi sínu. Regluleg endurgjöf á vinnu starfsmannsins og vinnu með barninu. Hreinskilin og berskjölduð samskipti.
Innleiðing farsældarlaga	Farsæld barna	Innleiða nýju lögin, nýju eyðublöðin. Fylgjast með velferð og farsæld barna og bregðast við þörf barna og foreldra.	Sérkennslu ustjóri	Haus tíð 2024	Vor 2025	Lesið lögin vel. Fá góðan skilning á farsældinni og samþættingarlögun um og hvenær er nauðsynlegt að nýta samþættingu.	Sérkennslustjóri nýtir lögin rétt, foreldrar njóta góðs utanumhalds og verið er að sækjast eftir öllum þeim réttindum sem þau hafa rétt á.



Innleiðing undirbúningsfund a fyrir lausnateymi m. Suðurmiðstöð.	Undirbúningsfundir	Skipuleggja undirbúningsfundina vel. Setja fundina á dagatalið.	Sérkennslu Stjóri	Haus tíð 2024	Vor 2025	Undirbúningur fyrir fundina gengur vel, áhyggjuskráning er árangursrík. Íhlutun út frá undirbúningsfundinum hefur borið árangur og deildarstjórnir eru að aðstoða hvorn annan með erfið mál og við getum innleitt lærdómssamfélag meðal stjórnendateymis	Íhlutun sýnir góðan árangur. Stjórnendateymi er að vinna vel saman að úrlausnum vandamála og styðja við bakið á hvorri annarri með ráðgjöf og peppi.
---	--------------------	---	-------------------	---------------	----------	--	--

11 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

1. Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Úthlutuninni fer í laun verkefnastjóra í mál og læsi.
2. Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á hverjum degi og inni á öllum deildum skólans er verið að vinna markvisst með daglegan orðaforða sem þyngist eftir því sem börnin eru eldri. Allar deildir eru með skipulagðar málörvunarstundir á hverjum degi. Verkefni sem er verið að vinna með, hafa verið fyrir fram ákveðin. Þessi verkefni hafa verið sniðuð í kringum ákveðin þemu þar sem tvær vikur eru helgaðar einu orðaforðapema ásamt einum máhljóði / bókstafi úr bókinni Lubbi finnur málbein og Appinu Lærum og leikum með hljóðin. Seinasta vetur byrjuðum við að vinna markvisst með Gefðu 10 sem snýst um að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. En við nýtum þessa aðferð fyrir öll börnin okkar í skólanum, hvort þau séu íslensk eða fjöltyngd börn.
3. Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Við nýtum öll tækifæri og stundir til að dýpka orðaforða barnanna, hvort það séu skipulagðar eða óskipulagðar stundir. Dæmi um stundir sem við nýtum í að dýpka orðaforðann eru; við móttöku og brottför barna, í matartímum, í samverustundum, málörvunarstundum, í fataklefanum, í frjálsum leik, hópastarfi, útiveru og vettvangsferðum. Eitt af markmiðum okkar er að halda áfram að hafa hringekjuna einu sinni í viku á Stóra Holti fyrir elstu þrjár deildir skólans. Hringekjan snýst um að við erum búnar að skipta hópnum í smærri hópa og það eru nokkrar stöðvar með mismunandi verkefnum sem börnin gera með starfsmönnum.
4. Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það er mikil breidd á málgetu barnanna sem fer auðvitað eftir aldri þeirra. Því leggjum við áherslu á að örva málþroska eftir getu þeirra. Til að vita stöðu málþroska barnanna höfum við verið að taka prófið Efi-2 á börnunum á aldrinum 3 - 4 ára og Hljóm-2 á börnunum á aldrinum 5 – 6 ára. Önnur tæki og tól sem við notum til að fylgjast með framförum barnanna í íslensku eru; Orðaskil, Hæfnirammur í íslensku, fyrir fjöltyngd börn. Hæfnirammarnir huga að öllum þáttum máls barnanna: tjáningarfærni, hlustunarskilningur, hljóðkerfisvitund og læsi. Talmeinafræðingar frá Miðju máls og læsis og Þjónustumiðstöð Breiðhólts koma einu sinni á önn, haust- og vorönn til að taka orðaforðaprófin One Word Expressive Test og MELB (orðaforða hlutinn) á börnum á aldrinum 3 – 5 ára



	(þrjár elstu deildir skólans) til að meta orðaforða þeirra. Þannig náum við að sjá hvort framfarir hafi átt sér stað hjá hverju og einu barni yfir skólaárið.
5. Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	<p>Eins og hefur komið fram þá nýtum við allar stundir til að vinna markvisst með orðaforða barnanna í íslensku. Verkefnin sem er verið að vinna með á hverjum degi eru út frá þáttum Læsisstefnu leikskóla. Markmið með að vinna með Orðaforða og málskilning er; að börnin skilji talað og lesið mál, börnin geti notað tungumálið í mismunandi aðstæðum og að auka orðaforða og málskilning barnanna. Leiðir til þess er að; tala við börnin, skapa þörf og áhuga barna til þess að tjá sig, setja orð á allar athafnir, lesa fyrir þau og ræða um innihald textans eða myndir, syngja, ríma, útskýra orð og orðasambönd ásamt því að nýta styrkleika og áhugasvið barnanna o.fl.</p> <p>Markmið með máltjáningu og frásagnarhæfni eru að börnin; geti tjáð sig um eigin upplifanir og skoðanir, geti tekið virkan þátt í gagnvirkum samskiptum og samræðum, að börn þjálfast í framkomu og frásögn og efla gagnrýna hugsun. Leiðir til þess er að; tala við börnin, hvetja þau til þess að segja frá og spyrja, grípa frumkvæði barna, hlusta á þau og leiða þau áfram í frásögn, nýtum fjölbreyttan efnivið og aðstæður til að ýta undir þróun í frásögn og tjáningu o.fl.</p> <p>Markmið með hlustun og hljóðkerfisvitund er að; efla börnin í virkri hlustun, styrkja hljóðkerfisvitund, efla einbeitingu, sjálfsstjórn og athygli. Leiðir til þess eru; skipulagðar samverustundir á hverjum degi í bæði stórum og litlum hópum barna, vinna með rím, atkvæði, hljóðgreiningu, hljóðtengingu, sundur greiningu orða, samsetningu orða og margræða orða.</p> <p>Markmið að vinna með ritmál er að; börnin tileinki sér og þrói með sér ritmál og skilji að það feli í sér merkingu, þegar börnin ná aldursamsvarandi gripi um skriffæri. Leiðir til þess er; hafa ritmál sýnilegt í umhverfinu, merkja suma hluti, notum sjónrænt dagskipulag með myndum og texta, leika með ritmál, bjóðum börnum upp á að lesa og skoða bækur á hverjum degi o.fl.</p> <p>Á öllum deildum skólans er verið að vinna með tilfinningar barnanna. Efstu þrjár deildir skólans eru með svokallaða Tilfinninga töflu, þá setja börnin klemmu eða nafnið sitt við þá tilfinningu; hvernig þeim líður þá stundina en getur svo breyst eftir því sem líður á daginn. Tilfinningarnar á töflunni eru; ánægð/ur, leið/ur, forvitin/n, þreytt/ur, spennt/ur og reið/ur.</p>

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Auka markvissa vinnu með verkefni tengt Lubba og auka samstarf milli leikskólans og foreldra.	Vinum fleiri verkefni tengt Lubba og sendum hugmyndir af verkefnum sem foreldrar geta gert heima með börnum sínum þegar þau fá Lubba	Stjórnendateymi	Haus 2024	Vor 2025	Deildir meta sameiginlega á fundum hvaða verkefni verða notuð.	Að öll börn þekki og geti sagt flesta stafi úr bókinni Lubbi finnur málbein. Skoðum verkefnabókina sem fer heim með hverju barni. Þannig sjáum við hvort foreldrar taki þátt í þessu verkefni með börnunum sínum.



		með sér heim.					
Gæðahandbók í mál og læsi	Próa bókina enn betur.	Taka örsamtöl við alla starfsmenn út frá bókinni.	Verkefnastjóri í mál og læsi.	Haus t 2024	Vor 2025	Verkefnastjóri skráir hjá sér eftir hvern fund punkta og metur út frá samtölum hvað þarf að bæta og gera til að auka gæði í málörvunarstundum skólans.	Starfsmenn nýti sér handbókina í starfi til að auka gæði málörvunarstundum.
Móttaka nýliða	Standa vel að móttöku nýliða.	Fundir með nýju starfsfólki, halda utan um það. Koma því inn í starfið, vera með fræðslu um málörvun, þjálfun o.fl.	Verkefnastjóri í mál og læsi ásamt skólastjóra.	Haus t 2024	Vor 2025	Metið út frá því hvernig gengur inni á deild hjá starfsfólkinu ásamt samtölum við deildarstjóra og skólastjóra.	Taka oft örfundi með nýliðum og halda skráningu um starfsþróun þeirra í starfinu yfir skólaárið. Sjá þannig hvað má betur fara og bæta sig í.
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn	Festa enn betur vinnu með Hæfniramman a.	Allar fjórar elstu deildir nýti sér hann.	Stjórnendateymi	Haus t 2024	Vor 2025	Nýta skráningarblöð og ræðum framfarir barnanna út frá skráningarblöðum/listum.	Markmið að halda enn betur utan um fjöltyngd börn í skólanum.

12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl og maí 2024. Leikskólastjóri tók öll samtölin við starfsfólkið.

Tveir starfsmenn voru í námi þennan vetur, annar í KÍ, í áframhaldandi námi í

leikskólakennarafræðum og hinn í leikskólaliðanámi í Borgarholtsskóla.

Nemi í leikskólakennarafræðum var hjá okkur í verknámi frá 13.mars-17.apríl á elstu deilinni.

Sjö nemar í Fellaskóla úr 8 og 9 bekk, voru í starfsnámi hjá okkur í vetur með skólanum. Þau voru 2-3 í viku 2-3 klst. í senn.

Fræðsla til starfsmanna 2023-2024 :

Orðaforðavinna, samstarf Holt, Ösp, Fellaskóli – stjórnendateymi

Lærdómssamfélög – sérkennslustjóri, verkefnastjóri, leikskólastjóri

Farsældarlögin – Stjórnendur

Íslensku námskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna

Fjöltyngdar fjölskyldur - stjórnendur

Hinsegin fræðsla - stjórnendur

Smitsjúkdómar leikskólabarna – allt starfsfólk

KVAN fræðsla, jákvæði og gleði – allt starfsfólk

Hæfniramar fyrir leikskólabörn – allt starfsfólk

Jafningjasamráð – leikskólastjóri

Handleiðsla – deildarstjóri

Fræðsla vegna rasisma – stjórnendur

Málstefna leikskóla – allt starfsfólk



Handbók um leikinn, fræðsla – allt starfsfólk
Námskeið vegna sérkennslu – starfsmenn í sérkennslu
Fræðsla fyrir sérkennslustjóra
Farsældarlögin, kynningar og fræðsla - stjórnendur
Lausnarþeymi – stjórnendur
Fagnámskeið 1 & 2
Námsferð leikskólastjóra til Kanada
Mannauðsmál, ráðstefna – stjórnendur
Stjórnendadagur Reykjavíkur – stjórnendur

Starfsþróunaráætlun Holts 2024-2025

Samskipti, samvinna og ábyrgð – fræðsla frá Stuðnings- og ráðgjafarþeymi RVK – allt starfsfólk
Hæfniráttar, fræðsla, áframhald – allt starfsfólk
Fræðsla um málörvun með starfsfólki Aspar og Fellaskóla
Starfsmaður í námi í leikskólakennarafræðum
Starfsmaður í Mastersnámi
Fagnámskeið 1 & 2 - starfsmenn áframhald
Íslensku námskeið fyrir erlenda starfsmenn - áframhald
Jafningjasamráð – leikskólastjóri
Námskeið vegna sérkennslu – starfsmenn í sérkennslu
Námskeið fyrir sérkennslustjóra
Orðaforðavinna, samstarf Holt, Ösp, Fellaskóli
Lærdómssamfélag – sérkennslustjóri og deildarstjóri
Lærdómssamfélag – starfsmenn á deild
Skyndihjálparnámskeið – allt starfsfólk

13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsverkefni við leikskólann Ösp og Fellaskóla heldur áfram og verður markvissara með hverjum vetrinum. Samningur Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Félags- og barnamálaráðuneytis er að ljúka en mikil þörf er á að staða deildarstjóra máls og læsis í Fellaskóla verði fest í sessi. Samstarf okkar hefur skipt sköpum við að halda utan um og sameina alla í þessari vinnu. En sú breyting varð nú í vetur að deildarstjóri máls og læsis verður einnig starfsmaður leikskólanna Holts og Aspar, með fasta viðveru í báðum leikskólum.

Áfram eru leikskólastjórar Holt og Aspar að funda reglulega með deildarstjórum og stjórnendum í Fellaskóla og þróa áfram hugmyndir um samstarf skólanna þriggja. Allir deildarstjórar leikskólanna Holts og Aspar funda einnig áfram reglulega með deildarstjóra máls og læsis í Fellaskóla til að sameina áherslur og starfshætti. Búið er að undirbúa og setja upp skipulag fyrir næsta skólaár sem allir skólar munu fylgja áfram.

Deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, ásamt talmeinafræðingi Fellaskóla, hafa undanfarin tvö ár komið með fræðslu fyrir foreldra á haustfundi Holts og Aspar.

Elstu börnin fara áfram í íþróttahúsið í Fellaskóla, þau fara í smiðjur, er boðið á leiksýningar, þau syngja saman og Vorskólinn er alltaf skemmtilegur. Svo er útskrift elstu barnanna í sal Fellaskóla þar



sem foreldrum er boðið að koma og fagna með okkur.

Nemendur úr 9. og 10. bekk Fellaskóla hafa verið að koma í starfsnám í leikskólann Holt í mörg ár. Það er alltaf jafn ánægjulegt að fá að taka á móti þessum frábæru krökkum og svo verður áfram.

Sjá fylgiskjal 2 - Tímarammi 2024-2025

14 Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag var sameinað í eitt árið 2021 og eru núna 5 foreldrar í ráðinu og félaginu. Kosið er árlega á haustfundi foreldra. Fundir eru fáir yfir veturinn, en eftir þörfum og samskipti eru meira með rafrænum hætti, s.s. í tölvupósti eða á Facebook síðu hópsins.

Haustfundir foreldra voru í október sl. og voru þeir í sitthvoru lagi eftir deildum, eða 6 skipti.

Það gekk mjög vel og var góð mæting foreldra.

Brynja, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, og Aðalheiður talmeinafræðingur í Fellaskóla, voru með okkur á öllum fundunum og voru með fræðslu til foreldra um mikilvægi málörvunar og lesturs.

Foreldraviðtöl eru nokkur fyrir hvert barn. Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra í aðlögun. Árleg viðtöl eru á vorönn, við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og leikskólinn við foreldrana.

Þátttökuaðlögun byggir á nánu foreldrasamstarfi og er orðið fast í sessi hjá okkur. Öryggi og ánægja starfsmanna og foreldra eykst með hverju ári. Þetta er aðferð sem er komin til að vera. Við endurmetum aðferðina í starfsmannahópnum á hverju hausti og bætum það sem betur má fara. dæmi um góða viðbót á þessari samvinnu.

Facebook síða leikskólans gengur mjög vel og þar erum við sérstaklega að ná vel til erlendu foreldranna okkar. Hver deild er með sér hóp þar inni og einnig foreldraráðið og félagið. Mikil upplýsingagjöf fer þar fram. Við náum strax til foreldra þarna í gegn og getum fylgst með að þau sjái fréttirnar. VALA er skemmtileg viðbót í foreldrasamvinnunni og alltaf að bætast við nýjungar þar, hægt og rólega.

Sumarlokun leikskólans 2024 var ákveðin í samráði við foreldrafélag/ráð leikskólans en ekki er komin ákvörðun með lokun næsta sumars. Eftir á að gera könnun meðal foreldra og starfsfólks á þeirri tímasetningu sem valin var sumarið 2024. Niðurstaða ætti að liggja fyrir í janúar 2025.

15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

1. október – Sameiginlegur starfsdagur Holt, Ösp og Fellaskóli

22. nóvember – Sameiginlegur starfsdagur Holt, Ösp og Fellaskóli



6.janúar – Sameiginlegur starfsdagur Holt og Ösp
6.febrúar – Sameiginlegur starfsdagur Holt og Ösp
19.mars – Sameiginlegur starfsdagur Holt, Ösp og Fellaskóli
16.maí – Sameiginlegur starfsdagur Holt og Ösp

Sjá fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal 2024-2025

16 Fylgiskjöl

16.1 Umsögn foreldraráðs

16.2 Tímarammi 2024-2025

16.3 Leikskóladagatal 2024-2025



Kveðja / Regards,

Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri / principal
Leikskólinn Holt / Holt preschool
Völvufelli 7-9
111 Reykjavík
holt@reykjavik.is / halldora.biorg.gunnlaugsdottir@reykjavik.is
411-3330 / 693-9882



Starfsáætlun 2024 – 2025

Leikskólinn Holt



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arnhildur Hálfánardóttir

Gyða Dröfn Hannesdóttir

Johann Armando Marin Mendoza

Kjartan Yngvi Björnsson

Valgerður Sif Jónsdótti



Umsögn foreldraráðs leikskólans Holts :

Starfsáætlun 2024-2025 er samþykkt af foreldraráði



Tímarammi samstarfsáætlunar 2024-2025

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð og umsjón - Mat og skráning	Pátttakendur	Tími
	Skipulagsfundur v/haustannar BB+HH	Að fara yfir samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	5. sept. 2024
September	Samráðsfundur velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag (sl. tungu (14. nóv.) og skipuleggja sameiginlegar æfingar. Kynning v/foreldrafunda að hausti.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð - Upplýsingum miðlað til -verkefnisstjóra MOLF	Deildarstjórar HÖ AE, BB og KG	17.sept. 2024
Sept – okt.	Foreldrafundur á Holti og Ösp	Efta sameiginlega foreldrafraeðslu í hverfinu. Sami fyrirlestur fyrir leik- og grunnskóla. 18.sept (F) 19.25.26. sept. (Ö) 24.sept. 2.4.8.9.10. okt. (H)	Stjórnendur og deildarstjóri máls og læsis	Deildarstjórar Leiksk. stj. BB og AE	19. sept. til 10. okt. 2024
Sept – okt	Hljóm -2 lagt fyrir elstu börnin í Holt og Ösp Hljómstundir elstu barna hefjast 1. sept.	Fylgjast með hljóðkerfivirtund barnanna í elsta árg.	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	15. sept. – okt. 2025
Október	1. bekkur heimisækir leikskólana og taka þátt í frjálsum leik. Dagsetning ákveðin á fundi 17. sept.	Að nemandur finni samféllu og öryggi við skólaskiptin. Að kenningar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndir/freittir á vef miðlað	Deildarstjórar HÖ og kenningar F	Okt. 2024
	Orðafordröfanir MML	Fylgast með íslenskum orðaförða 3ja til 6 ára barna	MML	MML	Okt.
	Samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar HÖ AE, BB og KG	15. okt. 2024
	Niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstj. HÖ AE, BB og KG Stjórn. skóla	12. nóv. 2024
	Heimsoknir milli leikskóla + 1.b. F Börnin hittast og synja saman lög fyrir Dag (slenskar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 17.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – annað m/1.bekk	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F - Myndir/freittir á vef miðlað	Deildarstjórar	Dagana 28.okt-13.nóv. 3 sínum

	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af þaðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - <i>Mynndir/frettit á heimssíðu</i> -	Deildarstjórar	14. nóv. 2024
Desember	Helgitekur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimssókn inn í 6.b. Skipulagsfundur v/Vorannar BB+HH	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öruggis þar. Að meta samstarfið á haustönn.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Mynndir/frettit á heimssíðu á vef (Vala)</i> Leikskólastjórar og deildarstjórar F - <i>mat á haustönn og tímarammi vorannar</i>	Deildarstjórar og leikskólastjórar	18. des. 2024 13. des. 2024
Janúar	K-PALS stundir hefjast	Leggjja grunn að lestraráráni elstu barnanna	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	6. jan. 25
Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynna húsæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öruggi við skólaskiptin. Að kenningar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Mynndum og fréttum miðlað</i>	Deildarstjórar	13. og 20. febrúar 2025
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - <i>Fundargerð</i>	Deildarstjórar	11. febrúar 2025
Mars	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - <i>Fundargerð</i>	Deildarstjórar	25. mars 2025
Mars	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útvera eftir lestur	Að miðla göðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvítyngi	Deildarstjórar í Fellaskóla - <i>Mynndum og fréttum miðlað</i>	Deildarstjórar	26. mars 2025
Mars	Hljóm – 2 – endurnmat – elstu börnunum – allir.	Fylgjast með framförum hljóðkerfsvitundar hjá elstu börnunum	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	3. mars – 30. apríl
Apríl	Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH Leikskólastjórar, deildarstjórar Fellaskóla	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - <i>mat á vorönn og tímarammi haustannar</i>	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	30. apríl 2025
Apríl	Orðaforðaprófanir MML	Fylgast með íslenskum orðaförða 3ja til 6 ára barna	MML	MML	Apríl
Mai	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - <i>Fundargerð</i>	Deildarstjórar	6. maí 2025
Mai	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öruggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir	Deildarstjóri Fellaskóla - <i>Mynndum og fréttum miðlað</i>	Deildarstjóri F	13.-15. maí 2025

		hver öðrum.			
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla Holt og Ösp	Fer fram í Fellaskóla til að mynda tengingu milli skólastiga.		Leikskólastjórar Brynja + stjórnandi úr F.	23. maí 2025 kl.14:30
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla og frístundar	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri yngra stígs Fellaskóla	Deildarstjórar elstu deilda	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Bleikur	Skimanir og fhlutun í leikskóla



Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Leikskólinn Holt

AGUST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1. F. Smári hl 17.06	1. S.	1. Þ. Starfsmáttur HHO	1. F.	1. Starfsmáttur	1. M. Þingdagur	1. L. L.	1. L.	1. Þ.	1. F. Þingmálsmáttur	1. S.
2. F. Smári	2. M. L. hóur aðlgeng	2. M. Bakki for fundur	2. L.	2. M.	2. F.	2. S.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M. Skólanámstjórn
3. L.	3. Þ.	3. F.	3. S.	3. Þ.	3. F.	3. M.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ.
4. S.	4. M.	4. F. Sál for fundur	4. M.	4. M.	4. L.	4. Þ.	4. Þ. Springdagur	4. F.	4. S.	4. M.
5. M. Þingdagur vaxtarvaxna	5. F. MOUÍ stíðin	5. L.	5. Þ.	5. F.	5. S.	5. M.	5. M. Óskadagur	5. L.	5. M.	5. F. Þingmálsmáttur
6. Þ. Smári	6. F.	6. S.	6. M.	6. F.	6. M. Starfsmáttur HHO	6. F. Starfsmáttur HHO	6. F.	6. M.	6. Þ. MOUÍ stíðin	6. F. Óskadagur
7. M. Smári	7. L.	7. M.	7. F.	7. L.	7. Þ.	7. F. Óskadagur	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.
8. F. Smári	8. S. Þingdagur	8. Þ. Sál for fundur	8. F. Þingdagur þing mátt	8. S.	8. M.	8. L.	8. L.	8. Þ. Barnamengingunni	8. F.	8. S. Þingmálsmáttur
9. F. Smári	9. M.	9. M. Sál for fundur	9. L.	9. M.	9. F.	9. S.	9. S.	9. M.	9. F.	9. M. MOUÍ stíðin
10. L.	10. Þ.	10. F. Þing for fundur	10. S.	10. Þ.	10. F.	10. M.	10. M.	10. F.	10. L.	10. Þ.
11. S.	11. M.	11. F.	11. M.	11. M.	11. L.	11. Þ. MOUÍ stíðin	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.
12. M. Smári	12. F.	12. L.	12. Þ. MOUÍ stíðin	12. F.	12. S.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.
13. Þ. Smári	13. F.	13. S.	13. M.	13. F.	13. M.	13. F.	13. F.	13. S. Þingmálsmáttur	13. Þ. Þingmálsmáttur	13. F. Þingmálsmáttur
14. M. Smári	14. L.	14. M.	14. F. Þingdagur hl. tónungu stíðin	14. L.	14. Þ.	14. F.	14. F.	14. M.	14. M. Þingmálsmáttur	14. L.
15. F.	15. S.	15. Þ. MOUÍ stíðin	15. F.	15. S.	15. M.	15. L.	15. L.	15. Þ.	15. F. Þingmálsmáttur	15. S.
16. F.	16. M. 2. hóur aðlgeng	16. M.	16. L. Þingdagur hl. tónungu stíðin	16. M.	16. F.	16. S.	16. S.	16. M.	16. F. Þingmálsmáttur	16. M.
17. L.	17. Þ. MOUÍ stíðin	17. F.	17. S.	17. Þ.	17. F.	17. M.	17. M.	17. F. Þingmálsmáttur	17. L.	17. Þ. Þingmálsmáttur
18. S.	18. M.	18. F.	18. M.	18. M. Þingmálsmáttur	18. L.	18. Þ.	18. Þ.	18. F. Þingmálsmáttur	18. S.	18. F.
19. M.	19. F.	19. L.	19. F.	19. F.	19. S.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.
20. Þ.	20. F.	20. S.	20. M. Þingdagur hl. tónungu stíðin	20. F.	20. M.	20. F.	20. F.	20. S. Þingmálsmáttur	20. Þ.	20. F.
21. M.	21. L.	21. M.	21. F.	21. L.	21. Þ.	21. F.	21. F.	21. M. Þingmálsmáttur	21. M.	21. L.
22. F. Þingdagur grunnskóla	22. S.	22. Þ.	22. F. Starfsmáttur HHO	22. S.	22. M.	22. L.	22. L.	22. Þ.	22. F.	22. S.
23. F.	23. M.	23. M.	23. L.	23. M. Þingmálsmáttur	23. F.	23. S.	23. S.	23. M.	23. F. Þingmálsmáttur	23. M.
24. L.	24. Þ. HOÍ for fundur	24. F. Vaxtar grunnskóla	24. S.	24. Þ. Óskadagur jóla	24. F. Þingdagur - fyrsti dagur jóla	24. M. Vaxtar grunnskóla	24. M.	24. F. Þingmálsmáttur	24. L.	24. Þ.
25. S.	25. M.	25. F. Vaxtar grunnskóla	25. M.	25. M. Óskadagur	25. L.	25. Þ. Vaxtar grunnskóla	25. Þ.	25. F. MOUÍ stíðin	25. F.	25. S.
26. M. HOÍ for fundur milli deilda skólanna	26. F. Þingdagur hl. tónungu stíðin	26. L. Þingdagur hl. tónungu stíðin	26. F.	26. F. Þingdagur hl. tónungu stíðin	26. S.	26. M.	26. M.	26. L.	26. M.	26. F. Þingdagur hl. tónungu stíðin
27. Þ.	27. F.	27. S.	27. F.	27. F.	27. M.	27. F.	27. F.	27. S.	27. Þ.	27. F.
28. M. Starfsmáttur HHO 7	28. L.	28. M. Vaxtar grunnskóla	28. F.	28. L.	28. Þ.	28. F.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.
29. F.	29. S.	29. Þ. Heimildin Líkjavík 7	29. F.	29. S.	29. M.	29. L.	29. L.	29. Þ.	29. F. Þingmálsmáttur	29. S.
30. F.	30. M.	30. M.	30. L.	30. M.	30. F.	30. F.	30. S.	30. M. MOUÍ stíðin	30. F.	30. M.
31. L.	31. F.	31. F.	31. Þ. Óskadagur	31. F.	31. F.	31. M.	31. M.	31. L.	31. L.	31. M.

Í reglum um leikskólaþjónustu segi:

Leikskólar eru lokadír sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka á lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólastjóri ákveður, að höfdu samráði við starfsmenn og foreldra leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumar eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasíðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræmi

